



Starfsreglur búninganefndar HSÍ

1. gr. Skipun

Búninganefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ. Búninganefnd skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir. Stjórn HSÍ tilnefnir formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ.

3. gr. Hlutverk og verkefni

Búninganefnd HSÍ skal sjá um alla búninga HSÍ, það er keppnisbúnað, æfingabúnað og annan fatnað á vegum HSÍ, svo og allar rekstrarvörur landsliða. Allur búnaður skal færður í ársreikninga HSÍ.

4. gr. Önnur störf

Búninganefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5. gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6. gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 26.september 2016.